

Ed.

471. Lög

um breyting á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl).

1. gr.

a-liður 3. gr. laga nr. 59, 10. nóv. 1913, orðist þannig: Rjúpur skulu al-friðaðar á tímabilinu frá 1. janúar til 15. október ár hvert.

Nú fækkar rjúpunni svo, að ástæða þykir til þess að friða hana allt árið, og er þá ríkisstjórninni heimilt að skipa svo fyrir með reglugerð um eitt ár í senn.

2. gr.

Fyrir hverja rjúpu, sem veidd er á friðunartíma, skal sá, er brotlegur verður, sæta 10 kr. sekt, og tvöfaldast sektin við ítrekun brotsins. Sömu sekt skal, og hver sá maður sæta, er selur eða kaupir, gefur eða þiggur að gjöf rjúpu, sem svo er ástatt um, enda sje honum kunnugt, að svo hafi verið.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 14, 27. júní 1921.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1924.